

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 16. mars 2021

Mál nr. S-212/2020:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Ásgrími Gunnari Júlíussyni

(Stefán Ólafsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 16. febrúar sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, dagsettri 12. maí 2020, á hendur Ásgrími Gunnari Júlíussyni, kt. 160553-3409, Hávegi 6, Siglufirði,

„fyrir brot á lögum um búfjárhald og samþykkt um búfjárhald í Fjallabyggð, með því að hafa frá haustmánuðum 2018 til 10. desember 2018 haldið ótiltekinn fjölda af sauðfé í flugskýli við Flugvallarveg 2 á Siglufirði, án þess að vera með leyfi skipulags- og umhverfisnefndar sveitarfélagsins Fjallabyggðar fyrir búfjárhaldi á þessum stað innan þéttbýlis í Fjallabyggð.

Telst þetta varða við 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., sbr. a lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald og 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr., sbr. 6. gr. samþykktar nr. 815/2018, um búfjárhald í Fjallabyggð.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostaðar.“

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds og hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda.

I

Þann 10. desember 2018 kom deildarstjóri tæknideildar Fjallabyggðar til lögreglu og lagði fram kæru, fyrir hönd sveitarfélagsins, á hendur ákærða, fyrir brot á samþykkt um búfjárhald í Fjallabyggð. Kvað hann ákærða halda fé í flugskýli sínu við Flugvallarveg 2 á Siglufirði án leyfis, og ekki hafa sinnt ítrekuðum fyrirmælum um að láta af þeirri háttsemi. Ákærði var boðaður til skýrslutöku þar sem hann neitaði að tjá sig um sakarefnið. Gerð var upplýsingaskýrsla 2. janúar 2020 þar sem kom fram að það væri á flestra vitorði að ákærði hafi haldið sauðfé í skýlinu undanfarna vetur og geri það enn.

Óumdeilt er að ákærði hefur haldið sauðfé í umræddu flugskýli. Er í málinu deilt um hvort ákærða var heimilt að halda fé í skýlinu og hvort fé var í skýlinu á þeim tíma sem greinir í ákæru.

II

Ákærði kvaðst hafa haft sauðfé í skýlinu á veturna. Hann og félagi hans farið með fé í skýlið, líklega haustið 2016, en fengið bakþanka og kannað málið hjá þáverandi bæjarstjóra. Hann hafi bara spurt hvernig fóðrum og útbúnaði væri háttað en svo farið að ræða önnur mál. Næsta vetur hafi þeir sótt um og fengið undanþágu til eins vetrar. Þeir hafi enn sótt um leyfi veturinn 2017-2018 en fengið synjun og verið tjáð að það samræmdist ekki gildandi reglum. Hann hafi lesið samþykkt um búfjárhald í Fjallabyggð en þar sé búfjárhald aðeins bannað innan þéttbýlis. Með samþykktinni hafi fylgt kort og samkvæmt því sé skýli hans utan þéttbýlis og hann telji ljóst að þar megji halda fé. Húsið sé stórt og dýrahald þar valdi engum ama. MAST hafi tekið aðstæður út og þær þótt góðar. Ákærði kvaðst ekki viss um hvenær hann setti kindurnar inn haustið 2018, hann muni aðeins að það hafi verið fyrir jól. Hann hafi nú 12 kindur í skýlinu, hafi sett þær inn 21. október sl. og þær verði þar út maímánuð.

Vitnið Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar Fjallabyggðar, kvað skipulags- og umhverfisdeild hafa falið honum að leggja fram kæru í máli þessu. Það hafi hann gert 10. desember 2018. Í nóvember 2017 hafi ákærði fengið leyfi til að halda fé sínu inni þann vetur vegna þess að það hafi verið komið í hús en verið gert ljóst að það yrði ekki leyft aftur. Vitnið kvað umrætt flugskýli innan þéttbýlismarka samkvæmt þéttbýlisupprætti, en kvað aðspurður ekki vera eiginlegt þéttbýli þar. Undir vitnið var borin sú mynd sem fylgir samþykkt um búfjárhald og kvað hann rauða línu þar sýna girðingu sem sé til að halda búfé frá íbúðarhúsnæði en ekki mörk þéttbýlis.

Lögreglumaður nr. 8505 kvað ákærða hafa haft kindur í skýli sínu síðastliðið vor. Hann kvaðst ekki þekkja skilgreiningu á þéttbýlismörkum Siglufjarðar, það væri væntanlega gert í skipulagi. Flugskýlið sé utan sauðfjargirðingar um þéttbýlið. Undir vitnið var borinn mynd sem fylgir samþykkt um búfjárhald og kvað hann rauðu línuna sýna sauðfjargirðinguna, a.m.k. eins og hún hafi verið. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa farið í skýlið til að staðreyna að þar væri sauðfé á þeim tíma sem ákært er fyrir.

III

Í málinu er ákærða gefið að sök að hafa haldið sauðfé í flugskýli við Flugvallarveg 2 á Siglufirði án þess að hafa til þess leyfi skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar. Brotið er heimfært til 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald og 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 815/2018 um búfjárhald í Fjallabyggð. Ákærði byggir kröfu um sýknu meðal annars á því að af samþykktinni verði ekki ráðið að búfjárhald sé bannað á þeim stað sem hann heldur fé sitt. Það sé einungis bannað innan þéttbýlis en skýli hans sé utan þess samkvæmt samþykktinni.

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 verður engum gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Í reglunni felst að lýsing í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum á refsiverðri háttsemi verður að vera skýr og ótvíræð og fyrirsjáanlegt til hvaða tilvika þeim er ætlað að ná.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald er sveitarstjórn heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Ráðherra staðfestir hana og birtir í stjórnartíðindum að

fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands. Í 2. mgr. kemur fram að í samþykktum sveitarstjórna megi ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. sömu laga varðar það mann sektum ef hann brýtur gegn banni við búfjárhaldi samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar samkvæmt 4. gr. laganna.

Í 2. gr. samþykktar um búfjárhald í Fjallabyggð nr. 815/2018 segir að búfjárhald sé óheimilt í þéttbýli Fjallabyggðar, nema að fengnu sérstöku leyfi skipulags- og umhverfisnefndar að uppfylltum tilgreindum skilyrðum. Í 5. gr. samþykktarinnar segir að öll lausaganga búfjár innan girðinga sem umlyki þéttbýliskjarna Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, samkvæmt fylgiskjali með samþykktinni, sé bönnuð.

Með samþykktinni fylgir loftmynd þar sem snjóflóðavarnargarðar og skýrt teiknaðar rauðar línur afmarka svæði um þéttbýliskjarnann í Siglufirði. Svæðið sem þar er afmarkað er mun minna en þéttbýlismörk samkvæmt aðalskipulagi. Þéttbýlismörk eru ekki sýnd á myndinni og aðrar myndir eða uppdráttir fylgja ekki.

Flugskýlið sem ákærði heldur fé sitt í, er í botni Siglufjarðar, austan megin Hólsár. Það er innan skilgreinds þéttbýlis Siglufjarðar samkvæmt aðalskipulagi en utan þeirrar afmörkunar sem sýnd er á umræddri loftmynd sem fylgir samþykkt um búfjárhald, og nokkuð frá byggðakjarnanum.

Það er álit dómsins að samþykkt um búfjárhald í Fjallabyggð nr. 815/2018 sé ekki nægilega skýr, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, til að ákærða verði refsað fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákæruvalds.

Samkvæmt úrslitum málsins og 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, sem að teknu tilliti til ferðatíma eru ákveðin 471.200 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, og ferðakostnað hans, 62.700 krónur.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ásgrímur Gunnar Júlíusson, er sýkn af kröfum ákæruvalds.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Ólafssonar lögmanns, 471.200 krónur og 62.700 króna ferðakostnaður hans.

Arnbjörg Sigurðardóttir